

Fimmtudaginn 18. júní 1981.

Nr. 144/1978. **Guðbjörn Guðjónsson**

(Guðjón Steingrímsson hrl.)

gegn

Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmanni

f. h. Metro Shipping & Finance Limited

(Hákon Árnason hrl.).

Gerðardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramannir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. september 1978. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað, en stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

1. varakrafa: Að áfrýjandi verði sýknaður, en stefndi dæmdur til að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

2. varakrafa: Að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að vextir af dæmdum fjárhæðum verði einungis ákveðnir 8.5% frá 12. maí 1975 til greiðsludags, en málskostnaður verði látinn falla niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl.

1. Um formhlið málsins:

Ómerkingar- og heimvísunarkröfuna rökstyður áfrýjandi á svofelldan hátt í greinargerð sinni til Hæstaréttar:

„Stefndi í máli þessu er sagður vera Metro Shipping and Finance Ltd., skrásett félag í Panama. En enginn forstjóri, stjórnarformaður né aðrir stjórnarmenn eða aðrir starfs-

menn félagsins hafa komið fram fyrir hönd félagsins, hvorki fyrir gerðardóminum í Skotlandi né sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur.

Málið er í reynd rekið af lögfræðingafirmani Sinclair, Roche & Temperley, án þess að það hafi lagt fram nokkur gögn því til stuðnings, að það sé réttthafi þeirra hagsmuna, sem málið fjallar um, eða að það komi fram í umboði félagsins.“

Kröfugerð áfrýjanda í þessum þætti málsins er að vísu sú, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað. Af málflutningi þykir þó mega ráða, að hann telji þá annmarka vera á málatilbúnaði stefnda, að í raun rétttri eigi þeir að valda frávísun málsins frá héraðsdómi.

Svo sem segir í hinum áfrýjaða dómi, var mál þetta höfðað fyrir sjó- og verslunardóminum af Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmanni f. h. Metro Shipping & Finance Limited. Áfrýjandi hafði ekki uppi fyrir héraðsdómi frávísunarkröfu á því reista, að í stefnu málsins væru stjórnarmenn félagsins ónafngreindir eða þess ekki getið, að þeir hefðu vegna félagsins falið hæstaréttarlögmanninum málssóknina. Ekki krafðist hann heldur frávísunar málsins af öðrum ástæðum, og ekki eru neinir þeir gallar á málatilbúnaði áfrýjanda, sem sjálfkrafa eiga að valda ómerkingu hins áfrýjaða dóms og heimvísun eða frávísun málsins. Samkvæmt þessu og með skírskotun til 45. gr. laga nr. 75/1973, sbr. og 108. gr. laga nr. 85/1936, verður ómerkingarkrafan ekki tekin til greina.

2. Um efnishlið málsins:

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi fallið frá ýmsum þeim mótbárum, sem hann hafði uppi fyrir héraðsdómi gegn kröfum stefnda í málinu. Sýknukröfu sína fyrir Hæstarétti reisir hann á eftirtöldum ástæðum:

Í fyrsta lagi, að gerðardómsmálið fyrir gerðardóminum í Glasgow svo og dómsmál þetta hafi í raun rétttri verið rekinn af ensku lögfræðiskrifstofunni Sinclair, Roche & Temperley sem málsaðilja. Ósannað sé, að lögfræðiskrifstofa þessi eigi þá hagsmuni, sem um er deilt í málinu. Beri því að

sýkna áfrýjanda samkvæmt 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973.

Ekkert í málinu styður framangreinda fullyrðingu áfrýjanda. Hér er og um að ræða sýknuástæðu, sem ekki var höfð uppi fyrir héraðsdómi. Samkvæmt því er áfrýjanda ekki hald í þessari mótbáru sinni.

Í öðru lagi reisir áfrýjandi sýknukröfuna á því, svo sem hann gerði í héraði, að gerðarmenn hafi ekki báðir verið búsettir í Glasgow, eins og vera hafi átt samkvæmt gerðardómsákvæði farmsamningsins, þeir hafi farið rangt að, er þeir við meðferð gerðardómsmálsins beittu skoskum lögum, og loks, að úrskurður þeirra sé eigi rökstuddur, svo sem skylt sé að íslenskum lögum. Er hér um að ræða þær mótbárur, sem í héraðsdómi eru greindar sem 3., 4. og 10. málsástæða áfrýjanda.

Þar sem fallast má á það, sem í héraðsdómi segir um nefndar mótbárur áfrýjanda, verður sýknukrafa hans ekki heldur til greina tekin á framangreindum grundvelli.

Áfrýjandi hefur engin andmæli uppi gegn fjárhæð dómkröfu stefnda. Hann mótmælir ekki heldur sérstaklega skyldu sinni til að greiða dráttarvexti af allri fjárhæðinni frá þeim degi, sem stefndi krefst, ef sýknukröfunni verði hrundið. Einungis krefst hann þess í 2. varakröfu sinni, að þeir dráttarvextir verði tilteknir 8.5% á ári, en eigi 13% ársvextir, svo sem héraðsdómur dæmdi.

Fjárkrafa sú, er stefndi sækir í málinu úr hendi áfrýjanda, er í sterlingspundum. Fjárhæð kröfunnar er alfarið ákveðin og úrskurðuð af gerðardómi í Glasgow, sem starfað hefur eftir skoskum lögum. Að því leyti sem gerðardómurinn hefur úrskurðað áfrýjanda skylt að greiða dráttarvexti, ákvað hann þá 8.5% á ári. Ekki hafa verið færðar fram nægar ástæður fyrir því, að stefnda beri hærri dráttarvextir eftir 12. maí 1974 en fyrir þann tíma. Samkvæmt þessu verður fallist á þá varakröfu áfrýjanda, að dráttarvextir af hinni dæmdu fjárhæð eigi að vera 8.5% á ári.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur að öðru leyti en því, að vextir

af dæmdri fjárhæð verði 8.5% á ári frá 12. maí 1975 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti. Ákveðst hann 12.000.00

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir af hinni dæmdu fjárhæð verði 8.5% ársvextir frá 12. maí 1975 til greiðsludags.

Áfrýjandi, Guðbjörn Guðjónsson, greiði stefnda, Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmanni f. h. Metro Shipping & Finance Limited, 12.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 14. júní 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 30. f. m., hefur Ágúst Fjeldster hæstaréttarlögmaður, Ingólfsstræti 5, Reykjavík, höfðað fyrir sjó- og verslunardóminum f. h. Metro Shipping & Finance Ltd., F.s. Tapia, C. Avda Justo, Arosemana No. 3—80, Panama City, Panama, með stefnu, birtri 8. september 1977, á hendur Guðbirni Guðjónssyni, Digranesvegi 89, Kópavogi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum £ 8.342.60 með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð frá 12. maí 1975 til 20. nóvember 1976, með 2.5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð frá þeim degi til 1. ágúst 1977, en með 3% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær, að gerðardómurinn, sem upp var kveðinn í Glasgow þann 12. maí 1975 í gerðardómsmálinu milli málsaðilja þessa máls, verði metinn ógildur og stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda í þessu máli. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir gerðardóminum og fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur samkvæmt mati dómsins.

Reynt hefur verið að koma á sátt í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Helstu málavextir eru þessir:

Með farmsamningi, dagsettum 14. mars 1972, tókst stefnandi á hendur þá skyldu að flytja saltfarm með m/s Marianne frá Sousse til þriggja eða fjögurra hafna á svæðinu frá Vestmannaeyjum til Breiðafjarðar samkvæmt þeim skilmálum, er í farmsamningi greinir.

Í 16. gr. farmsamningsins voru ákvæði þess efnis, að hvers konar deilum út af farmsamningnum, er upp kynnu að koma milli samningsaðilja, skyldi vísað til gerðardóms tveggja manna, þó ekki lögfræðinga. (Two persons at Glasgow not lawyers). Enn fremur var ákvæði þess efnis í téðri 16. gr., að ef gerðardómsmenn gætu eigi komið sér saman um niðurstöðu, þá skyldi ákvörðun oddamanns ráða. Slíkur oddamaður skyldi valinn af gerðardómsmönnum, en ef þeir kæmu sér eigi saman um oddamann, þá átti að tilnefna hann af verslunarráði Glasgow eða öðru viðurkenndu verslunarráði, og skyldi ákvörðun gerðardómenda eða oddamanns vera endanleg og bindandi fyrir báða aðilja.

Olía komst í saltfarminn. Af þessu reis deila milli málsaðilja út af greiðslu farmgjalds, aukabiðdaga, skoðunarkostnaðar og skaðabóta vegna skemmda á farmi og fleira. Þessari deilu var vísað til gerðardóms, sem skipaður var tveimur mönnum, þeim Mr. Cedric Barclay, tilnefndum af hálfu stefnanda, og Mr. Cecil Alexander Carles Booth, sem tilnefndur var af „The Court of Session in Edinburgh“ í samræmi við gerðardómslög Skotlands frá 1894 að beiðni stefnanda, þar sem stefndi hafði látið undir höfuð leggjast að tilnefna gerðardómsmann af sinni hálfu. Tilnefning gerðardómsmanns stefnanda, Mr. Cedric Barclay, fór fram í bréfi 8. desember 1972, en skipun gerðardómsmanns stefnda, Mr. Cecil Alexander Carles Booth, var gerð af fyrrgreindum dómstóli með úrskurði þar um, dagsettum 24. mars 1973.

Í bréfi lögmanns stefnda, dagsettu 16. apríl 1973, til gerðardómsmannsins Mr. C. A. C. Booth dregur lögmaðurinn í efa, að Mr. C. Barclay, sem útnefndur hafði verið sem gerðardómsmaður af hálfu stefnanda, sé hæfur til starfans, þar sem hann sé ekki búsettur í Glasgow.

Með bréfi til dómstólsins „Court of Session, Edinburgh“, dagsettu 27. apríl 1973, leita gerðardómsmennirnir álits dómstólsins á þessu atriði.

Hinn 15. maí 1973 er dagsett álit nefnds dómstóls á þessari

fyrirspurn gerðardómsins. Í þessu álitu kemur fram, að útnefning gerðardómsmannsins Mr. Barclay eigi að standa óhöggð.

Hinn 11. maí 1974 úrskurðaði gerðardómurinn, að hann væri hæfur til þess að fara með mál þetta og að gerðardómurinn væri réttilega skipaður með skírskotan til framangreinds álits dómstólsins, „Court of Session í Edinburgh“, er fram kom í bréfi hans, dagsettu 15. maí 1973.

Skriflegur málflutningur fór síðan fram í málinu. Lögmaður stefnda, Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður, sendi gerðardóminum tvær skriflegar varnargreinargerðir, hin fyrri var send í ábyrgðarpósti 4. maí 1973, en sú síðari er dagsett 18. júní 1974.

Gerðardómurinn tilkynnti lögmönnum málsaðilja, að gerðardómurinn hefði hug á, að munnlegur málflutningur færi fram í Glasgow laugardaginn 5. apríl 1975.

Með símskeyti 28. mars 1975 var Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður, lögmaður stefnda, beðinn um að svara því, hvort mætt yrði af hálfu stefnda við málflutninginn 5. apríl 1975. Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður svaraði með símskeyti, dagsettu 2. apríl 1975, þar sem hann kveðst ekki geta mætt 5. apríl.

Þegar í ljós kom, að Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður gat ekki mætt fyrir gerðardóminum 5. apríl 1975, var þess óskað af hálfu stefnanda, að málflutningnum yrði frestað til 3. maí 1975. Gerðardómsmenn samþykktu þessa frestbeiðni og tilkynntu aðiljum þetta formlega 7. apríl 1975, þar sem fram kemur, að málflutningur eigi að fara fram laugardaginn 3. maí 1975 í Glasgow.

Málflutningur fór síðan fram fyrir gerðardóminum á hinum tilsetta degi. Af hálfu stefnda var þá ekki mætt, og frestaði gerðardómurinn því réttarhaldi um eina klukkustund. Ekki var heldur mætt af hálfu stefnda eftir þann frest og eigi boðuð föll af hans hálfu. Af hálfu sækjanda fór fram munnlegur málflutningur, og síðan var málið tekið til gerðardóms, án þess að sótt væri þing af hálfu stefnda.

Hinn 12. maí kváðu gerðardómendur upp dóm í málinu. Í þeim dómi er stefndi dæmdur til þess að greiða stefnanda í fyrsta lagi £ 5.399.49. Í öðru lagi $8\frac{1}{2}\%$ ársvexti af gerðardómsfjárhæðinni frá 1. júní 1972 til 12. maí 1975. Stefnandi hefur reiknað út þá vexti á £ 1.353.00. Í þriðja lagi er stefnda gert að greiða kostnað gerðardómsmanna, £ 625.00. Í fjórða lagi er stefnda gert að greiða málskostnað lögmanna stefnanda. Málskostnaðarreikningur

lögmannna stefnanda er dagsettur 16. maí 1975 og er að fjárhæð £ 965.11, samtals £ 8.342.60.

Þessi fjárhæð kemur heim við dómkröfu stefnanda í þessu máli. Hún er byggð á framangreindum gerðardómi, sem stefnandi kveður hafa dæmt samkvæmt gerðardómslögum Skotlands frá 1894 (Arbitration Act, Skotland 1894). Þetta sé í samræmi við 16. gr. farmsamnings aðiljanna, þar sem öllum deilumálum, er upp kunni að koma milli aðiljanna varðandi farmsamninginn, skuli vísað til gerðardóms „two persons at Glasgow (not Lawyers)“. Ágreiningur hafi komið upp milli aðiljanna, sem vísað hafi verið til gerðardóms, enda þótt stefndi hafi látið undir höfuð leggjast að tilnefna gerðardómsmann. Stefndi hafi heldur ekki látið mæta við flutning gerðardómsmálsins. Gerðardómendur hafi kveðið upp sinn dóm í samræmi við gerðardómslög Skotlands frá 1894. Sé því dómsorð þeirra allt „statt og stöðugt“ með vísan til norskra laga Kristjáns V. frá 15. apríl 1687 (N. L. 1—6—1).

Af hálfu stefnda hefur verið lögð fram ítarleg greinargerð í máli þessu. Þar eru færð fram margvísleg rök fyrir sýknukröfu stefnda og þeirri kröfu hans, að gerðardómurinn verði metinn ógildur. Verður nú vikið að hverri málsástæðu stefnda fyrir sig.

Í fyrsta lagi byggir stefndi mótmæli sín gegn gerðardóminum á því, að það liggi fyrir í málinu, að til þess hafi verið stofnað af firmanu Frösig og Jørgensen A/S í Kaupmannahöfn, sbr. dskj. nr. 3 — c og 3 — d. Firma þetta var umboðsmaður eiganda m/s Marianne, þegar farmsamningurinn var gerður. Mótmælir stefndi því, að þetta firma hafi umboð kröfuhafa til að stofna til gerðardómsmálsins. Umboð þetta hafi að sjálfsögðu mátt sanna með því að leggja það fram í dóminum, en það hafi ekki verið gert.

Af hálfu stefnanda er á það bent, að til gerðardómsmálsins hafi verið stofnað af lögfræðingunum Cedric, Roche og Temperley, í London, af hálfu eiganda skipsins, sbr. dskj. 3 — a. Það hafi hins vegar verið á misskilningi byggt, að firmað Frösig og Jørgensen A/S hafi í upphafi gerðardómsmálsins verið nefnt umboðsmaður eiganda skipsins m/s Marianne, sbr. dskj. 3 — c og 3 — d.

Dómurinn getur ekki fallist á þessi mótmæli stefnda, þar sem hann lítur svo á, að gerðardómsmálið hafi í raun verið höfðað fyrir hönd skipseiganda af lögfræðifirmanu Sinclair Roche og Temperley, Stonehouse 128—140, Bishopsgate, London, sbr. dóm-

skjal 3 — a og dskj. 23, sem er bréf nefnds lögfræðifirma til lögmanns stefnanda, dagsett 9. mars 1978.

Í annan stað heldur stefndi því fram, að það sé skilyrði fyrir höfðun gerðardómsmálsins, að sækjandi hafi ráðstöfunarrétt yfir þeim kröfum, sem hann vilji fá dóm fyrir, þ. e. að hann hafi forræði á búi sínu. Af hálfu stefnda er mótmælt, að svo sé. Byggir hann þau mótmæli sín á upplýsingum, er fram koma í bréfi á dskj. nr. 12 til Frösig og Jörgensen A/S skipamiðlara í Kaupmannahöfn frá Gruno Groningen skipamiðlara, dagsettu 12. október 1972. Þar komi fram, að stefnandi eigi ekki lengur nein- ar eignir, en kröfur Gruno Groningen skipti hundruðum þúsunda gyllina auk krafna Frösig og Jörgensen A/S á hendur stefnanda.

Af hálfu stefnanda er viðurkennt, að hann hafi átt í fjárhags- legum örðugleikum, en hins vegar sé bú hans ekki undir gjald- þrotaskiptum. Vitnar stefnandi í því sambandi til dómskjals nr. 21, sbr. dómskjal nr. 25, sem er þýðing á skjali nr. 21. Það er vottorð, dagsett 24. ágúst 1977, frá skrifstofu opinberrar skrán- ingar, lýðveldinu Panama. Í þessu vottorði kemur fram, að hinn 4. desember 1969 hafi fyrirtæki stefnanda verið skrásett í fimmta skjalaritaraembætti í Panamaumdæmi og að félag þetta sé enn í gildi. Þá heldur stefnandi því enn fremur fram, að stefndi hafi sönnunarbyrði fyrir því, að fyrirtæki stefnanda sé gjaldþrota.

Fallast má á það með stefnanda, að stefndi hafi sönnunarbyrð- ina fyrir því, að stefnandi hafi ekki haft ráðstöfunarrétt á kröfu þessari, þar sem hann hafi verið eða sé gjaldþrota. Með vísan til vottorðsins á dskj. nr. 21 frá skrifstofu opinberrar skráningar í lýðveldinu Panama, sbr. þýðingu á því skjali á dskj. nr. 25, telst ósannað gegn andmælum stefnanda, að svo sé. Þessi máls- ástæða stefnda er því eigi tekin til greina.

Í þriðja lagi mótmælir stefndi gerðardóminum á þeirri for- sendu, að hann hafi verið ranglega skipaður. Í gerðardómssamn- ingnum sé gert ráð fyrir, að gerðardómurinn verði skipaður „two persons at Glasgow“, en oddamaður skyldi skipaður af gerðardómsmönnum sjálfum eða „Glasgow or other recognized Chamber of Commerce“.

Stefndi kveðst hafa skilið þetta samningsákvæði svo, að gerðar- dómsmennirnir skyldu báðir vera frá Glasgow eða vera þar starf- andi. Fyrir þessum skilningi séu ýmsar skynsamlegar og sjálf- sagðar ástæður, sem stefndi rekur í greinargerð sinni. Því hafi það verið rangt að tilnefna Mr. Cedric Barclay, sem hafi verið búsettur í Lundúnum, sem gerðardómsmann vegna sækjanda.

Á sama hátt hefði stefndi getað tilnefnt gerðardómsmann búsettan í Reykjavík. Þennan skilning telur stefndi augljóslega rangan.

Stefnandi mótmælir þessum skilningi stefnda á gerðardóms-samningnum. Í gerðardómssamningnum segi einungis, að gerðardómurinn skuli starfa í Glasgow. Hins vegar segi ekki, að gerðardómsmenn skuli vera búsettir í þeirri borg. Því hafi gerðardómurinn verið réttilega skipaður og „The Court of Session“ í Edinborg hafi þegar lýst því yfir, að útnefning Mr. Barclay hafi verið gild.

Með vísan til röksemda stefnanda verður þessi málsástæða stefnda heldur ekki talin hafa við rök að styðjast.

Í fjórða lagi bendir stefndi á það, að í gerðardómsákvæði farm-samningsins sé hvergi minnst á gerðardómstöðina í Skotlandi (The Arbitration Act, Scotland 1894). Stefndi kveðst ekki hafa þekkt þau lög. Þá sé heldur ekki á það minnst, að aðrir en gerðardómsmennirnir skuli ráða málsúrslitum eða að þeim hafi verið heimilt að leita álits einhvers Thomson dómara í Edinborg (hér er átt við The Court of Session í Edinborg) og fara eftir því, sbr. dskj. nr. 3 — e. Gerðardómurinn hafi því ekki unnið sjálfstætt að málinu og því beri að ógilda hann.

Stefndi samdi sig undir gerðardómsmeðferð á máli þessu í Glasgow. Það leiðir til þess, að í málinu á að beita skoskum lögum (lex fori). Þess vegna verður að ganga út frá því sem gefnu, að stefndi hafi haft vitneskju um skosk lög á þessu sviði. Hafi stefndi eigi gert það, er óhjákvæmilegt, að hann beri af því hallann. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að skv. skosku gerðardómstöðunum (The Arbitration Act, Scotland 1894) sé nokkuð, sem bannar, að gerðardómsmennirnir leiti álits dómara, eins og gert var í þessu tilviki. Þegar þetta er haft í huga, verður þessari málsástæðu stefnda einnig hrundið.

Í fimmta lagi byggir stefndi mótmæli sín gegn gerðardóminum á því, að „The Court of Session“ í Edinborg hafi verið beðinn um að tilnefna gerðardómsmann af hálfu stefnda, er hann lét undir höfuð leggjast að gera það sjálfur. Dómstóllinn í Edinborg hafi tilnefnt Mr. C. A. C. Booth, sem starfi í Glasgow. Hér hafi verið á ferðinni heimildarlaus aðferð við útnefningu gerðardómsmanns, sem ekki hafi einu sinni stöð í „The Arbitration (Scotland Act, 1894)“, sbr. 3. tl. á dskj. nr. 4, þar sem gert sé ráð fyrir því, að dómurinn megi tilnefna annan af tveimur gerðardómsmönnum, ef málsaðili láti fyrirfarast að tilnefna mann af

sinni hálfu. Þegar rætt sé um dóm í 3. tl. ofangreindra gerðardómslaga, sé að sjálfstöðu átt við dóm í því lögsagnarumdæmi, þar sem gerðardómur eigi að starfa. Mótmælir stefndi því, að „The Court of Session“ í Edinborg sé dómur, er hafi lögsögu í Glasgow.

Stefnandi mótmælir þessari málsástæðu stefnda. Af hans hálfu er því haldið fram, að „The Court of Session“, sem hefur aðsetur í Edinborg, höfuðborg Skotlands, hafi lögsögu um gervallt landið. Nauðsynlegt hafi verið að snúa sér til þessa dómstóls til þess að fá gerðardómsmann útnefndan, er stefndi lét undir höfuð leggjast að útnefna gerðardómsmann af sinni hálfu.

Með vísan til röksemda stefnanda hér að framan svo og bréfanna á dskj. nr. 22 og 23 telur dómurinn nægilega sannað, að „The Court of Session“ í Edinborg hafi verið fær um að útnefna Mr. C. A. C. Booth sem gerðardómsmann í máli þessu, þar sem dómstóll þessi hafi lögsögu í gervöllu Skotlandi. Þessari málsástæðu stefnda er því einnig hrundið.

Í sjötta lagi heldur stefndi því fram, að dráttur á málsmeðferðinni hafi verið óhæfilegur. Mr. C. A. C. Booth hafi verið útnefndur gerðardómsmaður hinn 24. mars 1973, en gerðardómurinn hafi ekki verið kveðinn upp fyrr en 12. maí 1975. Af þessari ástæðu beri að ógilda dóminn.

Af hálfu stefnanda er þessari málsástæðu stefnda mótmælt. Það hafi liðið um það bil tvö ár frá því að Mr. C. A. C. Booth hafi verið tilnefndur í gerðardóminn og þar til munnlegur málflutningur hafi farið fram í málinu. Þetta sé alls ekki óvenjulega langur dráttur. Einnig beri á það að líta, að verulegur þáttur í þessum drætti hafi stafað af því, hversu lögmaður stefnda hafi verið ósamvinnuþýður í málinu.

Dráttur í gerðardómsmálinu telst ekki hafa verið svo verulegur, að hann réttlæti ógildingu gerðardómsins.

Í sjöunda lagi byggir stefndi mótmæli sín gegn gerðardóminum á því, að samstarfi gerðardómsmanna hafi verið stórlega áfátt. Þannig sé ekki vitað til þess, að gerðardómsmennirnir hafi hist eða ræðst við, fyrr en Mr. Cedric Barclay hafi gert sér ferð á hendur til Glasgow laugardaginn 3. maí 1975. Þetta hljóti að varða ógildingu gerðardómsins.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að gerðardómsmeðferðin í Glasgow hafi verið í samræmi við lög Skotlands, sbr. vottorðið á dskj. nr. 22, sem gefið er út af Mr. John Dunlop Urie, skoskum lögfræðingi. Vottorð þetta er staðfest notarialiter.

Dómurinn telur, að þessi málsástæða stefnda hafi ekki við nokkur rök að styðjast. Auk þess koma fram hjá lögmanni stefnda í sambandi við þessa málsástæðu og þá áttundu gersamlega ósannæðar aðdróttanir í garð gerðardómsmannsins Mr. Cedric Barclay, sem ósæmandi er fyrir íslenskan hæstaréttarlögmann að bera á borð fyrir íslenskum dómstóli.

Í 8. lagi mótmælir stefndi gerðardóminum á þeim grundvelli, að gerðardómsmaðurinn Mr. Cedric Barclay hafi ekki verið hæfur og óvilhallur gerðardómsmaður. Þar að auki komi það fram, að hann sé „experienced arbitrator“ og meðlimur í „London Maritime Arbitrators Association“ á líkan hátt og lögmaður stefnanda sé meðlimur í Lögmannafélagi Íslands. Hér hafi því verið á ferðinni maður, sem hafi atvinnu og afkomu af því að starfa að gerðardómsmálum. Fyrir slíka menn skipti það meira máli að vinna mál fyrir umbjóðendur sína en að kveða upp í því óvilhallan dóm.

Stefnandi hefur andmælt þessari málsástæðu með ýmsum rökum, sem ástæðulaust er að lengja dóminn með að tína til, enda telur dómurinn þessa málsástæðu stefnda fjarstæðu eina og því að engu hafandi.

Í 9. lagi krefst stefndi ógildingar gerðardómsins vegna þess, að Mr. Cedric Barclay, sem tilnefndur var gerðardómsmaður af stefnanda, hafi verið æfður og félagsbundinn gerðardómsmaður frá London. Í gerðardómssamningnum hafi verið tekið fram, að ekki skyldu lögfræðingar gera um málið. Telur stefndi, að þetta ákvæði hafi verið brotið (analogice) með tilnefningu gerðardómsmanns stefnanda.

Stefnandi mótmælir þessari málsástæðu stefnda á þeim grundvelli, að Mr. Cedric Barclay hafi ekki verið lögfræðingur svo sem bannað er í gerðardómssamningnum. Dómstóllinn er sam-mála stefnanda í þessu efni, og er því einnig 9. málsástæðu stefnda hrundið.

Í 10. lagi heldur stefndi því fram, að ógilda beri gerðardóminn af þeirri ástæðu, að niðurstöður hans séu óskýrar og óstuddar nokkrum rökum eða forsendum, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands frá árinu 1966, bls. 561.

Stefnandi mótmælir þessari málsástæðu stefnda og bendir á, að samkvæmt skoskum lögum sé eigi skylt að rökstyðja gerðardóm.

Dómurinn getur ekki fallist á, að niðurstöður gerðardómsins séu óskýrar, og þar sem það er ekki skilyrði samkvæmt skosku

gerðardómslögum (Arbitration Scotland Act 1894), að gerðardómar séu rökstuddir, sbr. dskj. nr. 4 og 22, er þessari málsástæðu stefnda hrundið, enda á hér að dæma eftir skoskum lögum, en ekki íslenskum.

Stefndi hefur enn fremur haldið því fram, að ógilda beri gerðardóminn vegna þess, að stjórnarformaður stefnanda hafi ekki mætt fyrir rétti á Íslandi, svo sem stefndi hefur skorað á hann að gera.

Af hálfu stefnanda er þessari málsástæðu mótmælt sem þýðingarlausri.

Hér er verið að krefja um greiðslu samkvæmt gerðardómi.

Stefndi hefur ekki vefengt gildi gerðardómssamningsins. Það, sem hér skiptir því máli, er, hvort gerðardómsmenn hafa starfað í samræmi við gildandi gerðardómsreglur í Skotlandi eða hvort þeim hafa orðið á mistök í starfi sínu. Þess vegna verður ekki séð, að það hafi neina þýðingu fyrir úrslit máls þessa, að stjórnarformaður stefnanda mæti fyrir dóminum. Þessari málsástæðu stefnda er því hrundið.

Þá hefur stefndi mótmælt kröfuliðum að fjárhæð £ 1.350.00 og £ 1.215.00 sem heimildarlausum og með öllu vanreifuðum. Krefst stefndi frávísunar á þessum kröfuliðum.

Stefnandi hefur mótmælt því, að kröfuliðum þessum verði frá vísað. Kröfuliðurinn 1.350.00 £ eru vextir af hinum tildæmda höfuðstóli samkvæmt dómi gerðardómsins, þ. e. 8.5% ársvextir frá 1. júní 1972 til 12. maí 1975. Þessi kröfuliður er í samræmi við niðurstöðu gerðardómsins. Verður hann því tekinn til greina.

Varðandi kröfuliðinn £ 1.215.00 þá hefur stefnandi lækkað hann niður í £ 965.11. Sú fjárhæð er málskostnaður vegna gerðardómsmálsins frá firmanu Sinclair, Roche & Temperley. Málskostnaðarreikningur yfir þessa fjárhæð var lagður fram við munnlegan flutning málsins hinn 30. f. m. Lögmaður stefnda mótmælti þeim reikningi sem röngum og of seint fram komnum. Þau mótmæli eru ekki tekin til greina, og verður því þessi kröfuliður tekinn til greina með £ 965.11.

Að endingu hefur stefndi mótmælt vaxtakröfum stefnanda sem röngum og heimildarlausum.

Stefnandi á kröfu á vöxtum eftir 12. maí 1975 til greiðsludags, enda er gerðardómsfjárhæðin í vanskilum. Vextir þessir ákveðast 13% ársvextir.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 686.000.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Stefáni M. Stefánssyni prófessor.

Dómsorð:

Stefndi, Guðbjörn Guðjónsson, greiði stefnanda, Ágúst Fjeldsted hæstaréttarlögmanni f. h. Metro Shipping & Finance Ltd., £ 8.342.60 með 13% ársvöxtum frá 12. maí 1975 til greiðsludags og kr. 686.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 22. júní 1981.

Nr. 131/1979. M. Bernharðsson skipasmíðastöð h/f

(Ólafur Axelsson hdl.)

gegn

bæjarsjóði Ísafjarðar

(Guðmundur Markússon hdl.).

Lóðarleigusamningur. Endurgjald fyrir mannvirki.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús P. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 13. júlí 1979. Krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 96.000.00 krónur (9.600.000 gkr.) með 19% ársvöxtum frá 1. apríl 1978 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 46.4% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir